



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1368
komudagur 11.2.2008

Reykjavík, 8. febrúar 2008

R08010128

175

ÓKH/jb

Samgöngunefnd Alþingis

Alþingi
150 Reykjavík

Frumvarp til laga um samgönguáætlun - umsögn

Á fundi borgarráðs 7. þ.m. var lögð fram umsögn aðstoðarsviðsstjóra framkvæmdasviðs frá 31. f.m. um frumvarp til laga um samgönguáætlun.

Borgarráð samþykkti umsögnina, sem fylgir í ljósriti. Þá hafnar borgarráð því alfarið að ríkið sé einhliða að flytja einstaka þjóðvegi frá ríki til borgar nema nægir tekjustofnar fylgi. Borgarráð skorar á samgönguráðherra að sjá til þess að slík vinnubrögð séu ekki viðhöfð.

Ólafur F. Magnússon

Samrit:
Samgönguráðherra



Reykjavík, 31. janúar 2008
2008010163
20.1.0

Til borgarráðs

Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um samgönguáætlun

Með bréfi, dags. 17. janúar sl. sendi samgöngunefnd Alþingis til umsagnar frumvarp til laga um samgönguáætlun. Frestur til að skila umsögn um frumvarpið er til 17. febrúar n.k. Undirritaður hefur yfirfarið frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Almennt um frumvarpið

Reykjavíkurborg gerir fyrst og fremst athugasemdir við inntak samgönguáætlunar eins og henni er lýst í 2. gr. frumvarpsins. Af hálfu Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að skýrar komi fram þættir sem varða samgöngur í þéttbýli, bæði er varða umhverfismál og fjölbreyttan ferðamáta. Í sameiginlegum tillögum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu frá febrúar 2007 er lagt til að 150- 250 milljónum kr. verði árlega varið til hljóðvistar, umferð gangandi og hjólandi sem og almenningsamgöngur í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu. Nauðsynlegt er að gera þessum þáttum hærra undir höfði en gert er í frumvarpinu til að unnt verði að uppfylla loftslagsmarkmið þjóðarinnar og jafnframt stuðla að betra umhverfi, vellíðan og heilsu. Í nýjum vegalögum er opnað fyrir þátttöku ríkisins hvað þetta varðar, en krefjast verður að fjárveitingar fylgi í samgönguáætlun.

Einstakir þjóðvegir hafa verið fluttir frá ríki til sveitarfélaga einhliða án þess að fjármunir hafi fylgt með. Í Reykjavík er Úlfarsfellsvegur nýtt dæmi. Ný vegalög gefa tilefni til að ætla að ríkið stefni að fækkun þjóðvega í þéttbýli. **Reykjavíkurborg er alfarið á móti því að taka við auknum verkefnum í uppbyggingu og rekstri þjóðvega nema nægir tekjustofnar fylgi með.**

Fyrir þéttbýli er þróun í átt til visthæfra samgangna mikilvæg. Þessa þróun þarf að styrkja.

Um 2. gr.

Lagt er til að 1. ml. 2. mgr. verði svohljóðandi:


*“Samgönguáætlun tekur til fjáröflunar og útgjalda til allra greina samgangna, þ.e. flugmála, vegamála og siglingamála þar með talið **almenningsamgangna**, hafnamála, sjóvarna, öryggismála og **umhverfismála samgöngugreina.**”*

Lagt er til að við 3. mgr. bætist nýr stafliður, d-liður, sem verði svohljóðandi:

“d. að fjalla um aukna ábyrgð og þátttöku sveitarfélaga í uppbyggingu og rekstri þjóðvega og yfirfærslu fjármagns í því skyni.”

Lagt er til að við 4. mgr. bætist svohljóðandi málsliður:

“Einnig skal fjalla um markmið varðandi öryggi og umhverfisáhrif frá samgöngum og leiðir til að efla vithæfar samgöngur og innleiða nýtingu innlendra orkugjafa.”


Ólafur Bjarnason,
aðstoðarsviðsstjóri